

ICELAND WATERS CORPORATION
SÖLUSAMTÖK LAGMETIS

ALÞINGI
Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar.

Hr. form. Páll Pétursson

Alþingi

Erindi nr. Þ 113 / 713
komudagur 22/2 1991

20.02.1991

Varðar frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Stjórn Sölusamtaka lagmetis (SL) var kynnt ofangreint frumvarp á síðasta fundi hennar hinn 18. feb. sl. Stjórn SL hefur falið mér að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna 2.mgr. 4.gr. frumvarpsins:

"Í umræddri grein er niðursuða og niðurlagning flokkuð með vinnslu sjávarafurða, og virðist þá vera átt við frumvinnslu. Gerir frumvarpið ráð fyrir að erlendir aðilar geti ekki fjárfest í þessari vinnslu hér á landi.

Í greininni er tekið fram að með vinnslu sjávarafurða teljist ekki umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari fullvinnsla afurða til þess að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að erlendir aðilar geti eignast allt að 50 % hlut í fyrirtækjum í fullvinnsluiðnaði.

Nú er það svo að niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir eru með því fyrsta sem fram kom innan íslensks matvælaíðnaðar á sviði fullvinnslu. Lagmeti (sem er samheiti þessara afurða) er í allflestum tilvikum pakkað í neytendaumbúðir til dreifingar í verslanir.

Þess má og geta að lagmetisvinnsla hefur verið flokkuð með iðnaði hér á landi en ekki til fiskvinnslu."

Það er skoðun stjórnar SL að óráðlegt sé að setja þessum iðnaði þær skorður sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og fer því þess á leit við nefndina að hún beiti sér fyrir því að orðin "niðursuða og niðurlagning" verði felld út í umræddri grein.

Virðingarfyllst,
Sölusamtök lagmetis


Garðar Sverrisson, frkvstj.

Afrit sent öðrum nefndarmönnum

Seafood is the Gourmet's Delight

